

**64. Bréf dómstjórinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um kennslu á yfirsetukvennaskól-
anum.**

1870.

9. júlí.

Í bréfi, dagsettu 2. maím. þ. á., hafði þér, herra amtdaður, samkvæmt beiðni konunnar Ólafar Hjálmarsdóttur, — af því, að þér álitid það mjög æskilegt, að konu úr vesturumdæminu verði sem fyrst kennt yfirsetufræði á yfirsetukvennaskóla hinnar konunglegu fæðingarstofnunar í Kaupmannahöfn, — farið þess á leit, að tæð Ólöf Hjálmarsdóttir komist að á skólanum kauplaust, annaðhvort á þessu ári, ef einhver þeirra kvenna, sem fengið hafa skóla 1870, hefði sagt til forfalla, eða, ef svo ekki væri, þá á næsta ári.

Eptir að stjórnarráðið hefir skrifazt á við stjórnina yfir fæðingarstofnuninni, gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og svo þér birtið það, að Ólöf Hjálmarsdóttir getur ekki komizt að kauplaust á þessu ári, þaræð hvorug þeirra tveggja kvenna, sem þegar hafa fengið loforð, hafa enn sem komið er sagt til forfalla, og það er því óvíst, hvort þær komi eða ekki, en aptur á móti má hún búast við að fá skóla ókeypiss á næsta ári. Ef þér getið fengið vistneskju um það frá norður- og austur-amtinu, að önnur-hvor hinna, Kristín Sigurðardóttir á Íngjaldstöðum eða Kristín Guðný Sigurðardóttir á Stóruvöllum komi ekki, þá er samt ekkert því til fyrirstöðu, að Ólöf Hjálmarsdóttir nú á þessu ári komist að kauplaust á yfirsetukvennaskólanum, en þar byrjar nýtt kennslu-ár 1. septbrm. næstkomanda.

65. Bréf dómstjórinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um póstferð frá Akureyri til Reykjavíkur í ágústmánuði.

9. júlí.

Í bréfi 20. maím. þ. á. hafði þér, herra amtdaður, skýrt frá, að vegna þeirrar breytingar, sem gjörð hefir verið á ferða-áætlan póstgufuskipsins á þessu ári, hefði þér í hyggju að senda umboðs- og sýslureikninga frá norður- og austurumdæminu með þeim

1870.
9. júlí.

norðanpósti, sem átti að leggja af stað frá Akureyri til Reykjavíkur í miðjum fyrra mánuði, og hafði þér jafnframt leitað samþykkis stjórnarráðsins til þess, að senda mætti póst frá Norðurlandi til Reykjavíkur seinast í næsta mánuði, til þess að ná í fimtu póstskeipsferð, og farið fram á, að greiða mætti kostnaðinn til þessa, hérumbil 60 rd., úr jarðabókarsjóðnum.

Útaf þessu er yður það til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar, að ekkert er því til fyrirstöðu frá hálfu stjórnarráðsins, að þér látið fara þessa póstferð, og verðum vèr, að því er kostnaðinn snertir, að vísa til bréfs stjórnarráðsins 23. f. m.

9. júlí.

66. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um skuldir andaðs umboðsmanns til ríkissjóðsins.

Samkvæmt tilhlutun stjórnarráðsins hafði þér, herra amtmaður, í bréfi 2. febrúar þ. á. skýrt frá, að í von um samþykki stjórnarráðsins hafði þér skipt niður umboðslaununum af Möðruvalla klaustri á fardaga-árunum 18^{67/68} og 18^{68/69} þannig, að annar helmingur umboðslaunanna af landskuld og leigum á árinu 1868 sè veittur Sveini heitnum Þórarinssyni og ekkju hans, en hinn helmingurinn Jóni Gunnlaugssyni, sem var settur umboðsmaður fyrst um sinu, og að umboðslaununum af landskuld til fardaga 1869 sè skipt jafnt milli Jóns Gunnlaugssonar og umboðsmanns Þorsteins Danfellsunar.

Um leið og þér, herra amtmaður, þarnaest getið þess, að þér samkvæmt sáttagjörð og fjárnámi hafði hlutast til um, að jarðir þær, sem Sveinn heitinn Þórarinsson hafði veðsett til tryggingar fyrir gjaldheimtum þeim, er hann hafði á hendi fyrir ríkissjóðinn, að undan teknum 10 hundruðum í Eyrarlandi, sem bóndinn Kristinn heitinn Thorarensen fyrrum átti, verði seldar við opinbert uppboð 31. marzm. þ. á. til að borga með því skuldir tæðs Sveins Þórarinssonar til ríkissjóðsins, hafði þér sent hingað með álitsskjali sýslumanns bænar-skrá, þar sem bóndi *P. Chr. Petráeus*, sem er giptur ekkju hins